



Sjálfsmatsskýrsla 2022 - 2023

Akurskóli

Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023

Akurskóli

Reykjanesbær, júní 2023

Inngangur

Skipulag innra mats í Akurskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og að Akurskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Menntastefna Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Stjórnendur setja upp áætlun um innra mat til fjögurra ára í senn og leggja fyrir starfsmannafund og skólaráð. Áætlun fyrir 2021-2025 er sett fram haustið 2021, birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á starfsmannafundi. Hlutverk stjórnenda í samstarfi við starfsmenn er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, skólaráði, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

Efnisyfirlit

1.	Innra mat í Akurskóla	5
1.1.	Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?	5
1.2.	Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?	5
1.3.	Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?	6
1.4.	Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?.....	6
1.5.	Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?.....	6
1.6.	Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?	6
2.	Um skólann.....	7
2.1.	Kennslufræðileg sýn Akurskóla	7
3.	Viðfangsefni innra mats 2022-2023	9
4.	Helstu niðurstöður sjálfsmats.....	11
4.1.	Skólanámskrá	11
4.2.	Skólapúlsinn	11
	Nemendakönnun.....	11
	Skólapúlsinn foreldrakönnun	13
	Skólapúlsinn starfsmannakönnun	16
4.3.	Viðhorfskönnun meðal foreldra.....	20
	3. bekkur.....	20
	6. bekkur.....	22
	9. bekkur.....	24
4.4.	Niðurstöður eineltisteymis	25
4.5.	Foreldrasamtöl.....	25
4.6.	Starfsmannasamtöl	27
4.7.	Kennslurýni og samtöl.....	27
4.8.	Lestrarskimanir	29
	6. bekkur - Logos-læsissskimun.....	29
	9. bekkur - Logos-læsissskimun.....	30
	3. – 8. bekkur - Orðarún	30
	1. – 10. bekkur - Lesfimi	31
4.9.	Stærðfræðiskimanir	33
	Talnalína í 3., 6. og 8.bekk	33
5.	Framkvæmdamat	35
6.	Mat á umbótaþáttum.....	39
6.1.	Leiðsagnarnám	39
6.2.	Heilsueflandi grunnskóli.....	40
6.3.	Forysta um nám og styðjandi menningu	40
6.4.	Allir jafnir – Líðan barna af erlendum uppruna.....	40
7.	Lokaorð.....	42

1. Innra mat í Akurskóla

Sjálfsmatshringurinn hér fyrir neðan lýsir vel sjálfsmatsaðferðum Akurskóla.



1.1. Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Við lok skólaárs eiga öll gögn að vera fyrirbyggjandi og ritun sjálfsmatsskýrslu getur farið fram. Hún er birt á heimasíðu skólans í júní ár hvert. Sjálfsmatsskýrslan er send fræðslustjóra sem kynni hana fyrir Fræðsluráði og einnig er hún kynnt starfsmönnum sem lesa yfir sjálfsmatsskýrsluna í júní og koma með athugasemdir. Skólastjóri er ábyrgur í samstarfi við aðra stjórnendur skólans fyrir ritun sjálfsmatsskýrslunnar og kynningu á henni.

1.2. Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?

Fjöldi kannana, skimana og prófa eru lögð fyrir á hverju ári og greina fjölmargar hliðar skólastarfsins. Niðurstöður prófa og skimana gefa vísbendingar um námslega stöðu nemenda. Niðurstöður kannana gefa vísbendingar um viðhorf til skólans og líðan nemenda. Þessar niðurstöður eru greindar jafn

óðum og þær berast og eru lykilatriði í niðurstöðum þeirra settar í sjálfsmatsskýrsluna. Á grunni þessa niðurstaðna eru ákvarðanir um umbætur teknar. Greining á niðurstöðum einstaka kannana er á ábyrgð þeirra starfsmanna sem sinna þeim þætti skólstarfsins sem könnunin tekur til. Yfirlit yfir þær kannanir sem og skimanir sem notaðar eru við innra matið má sjá í töflu í kafla 4.

1.3. Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?

Skólinn setur sér viðmið um árangur. Viðmiðin eru sett með hliðsjón af stefnu skólans, aðstæðum og almennum samanburði á námsárangri. Árangursviðmiðin eru í raun skuldbinding um þann árangur sem stefnt er að ná. Árangursviðmiðin eru birt í sjálfsmatsskýrslu skólans.

1.4. Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?

Í kjölfar útgáfu sjálfsmatsskýrslu er brugðist við niðurstöðum hennar og aðgerðir ræddar. Nauðsynlegum umbótum forgangsraðað og umbótaáætlun rituð. Umbótaáætluninni er skilað til fræðslustjóra fyrir 15. október. Skólastjóri ber ábyrgð á ritun hennar.

1.5. Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?

Næsta skref er að framkvæma umbótaáætlunina. Hver umbótaþáttur hefur ábyrgðaraðila sem fylgist með framvindu mála.

1.6. Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?

Lokaþáttur sjálfsmatshringsins er nákvæm, reglubundin eftirfylgni. Eftirfylgni er nauðsynleg til að tryggja að starfsfólk uppfylli ábyrgðaskyldu sína gagnvart þeim umbótaþáttum sem eru á þeirra könnu og geri það sem starfsfólk skólans hafði sammælt um að yrði gert. Hluti af eftirfylgninni er að leggja mat á þann árangur sem af aðgerðum hefur hlotist og gera grein fyrir því mati í sjálfsmatsskýrslu.

2. Um skólann

Akurskóli hóf starfsemi haustið 2005. Skólinn var formlega vígður 9. nóvember 2005.

Akurskóli er staðsettur í Innri-Njarðvík en nafn skólans er dregið af Akurskóla sem var byggður árið 1891, skólalald stóð þar fram til ársins 1906.

Skólustjóri skólaárið 2022-23 var Sigurbjörg Róbertsdóttir. Aðstoðarskólustjóri var Þormóður Logi Björnsson. Deildarstjóri yngra stigs var Katrín Jóna Ólafsdóttir. Deildarstjóri elda stigs var Guðrún Gunnarsdóttir. Deildarstjóri Lindar, sérþaks námsúrræðis var Arnar Smáráson. Deildarstjóri stoðþjónustu og læsis var Elín Njálisdóttir. Verkefnastjóri tölvumála var Freyr Brynjarsson og verkefnastjóri íslensku sem annað mál var Anna S. Guðmundsdóttir. Leiðtogi í byrjendalæsi var Fríða Hallfreðsdóttir og leiðtogi í Heilsueflandi grunnskóla var Jón Ásgeir Þorvaldsson.

2.1. Kennslufræðileg sýn Akurskóla



VIRÐING



GLEÐI



VELGENGNI

Gildi Akurskóla eru leiðarljós skólstarfsins en þau eru virðing, gleði og velgengni sem tákmyndirnar endurspeglar.



Merki skólans eru nemendur sem eins og plöntur vaxa upp af fræjum á akri. Mismunandi litur þeirra gefur til kynna að öll erum við ólík og höfum okkar sérstöðu.

Gildin eiga að endurspeglast í stefnu skólans og öllu hans starfi.

Í Akurskóla er nemandinn í forgrunni og leitast er við að leita allra leiða til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Okkur finnst mikilvægt að allir nemendur hafi **jöfn tækifæri til náms** en leggjum líka áherslu á **teymiskennslu kennara**, **Uppbyggingarstefnuna**, **Byrjendalæsi**, **góðan námsárangur**, **fjölbreytta kennsluhætti**, **útikennslu** og **jákvæð og öflug samskipti við foreldra**.

Jöfn tækifæri til náms eru ein af grunnstoðum menntastefnu Reykjanesbæjar. Í Akurskóla er þörfum nemenda mætt úr frá námsstíl, námshæfni og áhuga. Unnið er með sterkar hliðar nemenda og miðað er að því að gera nemendur sjálfstæða í námi með góðri endurgjöf. Við skólann starfa fjölbreyttar starfsstéttir til að mæta nemendum á sem skilvirkastan hátt.

Teymiskennsla kennara er ein af lykilstoðum í námi og kennslu nemenda. Hver árgangur er ein heild með tvo eða fleiri umsjónarkennara sem saman bera ábyrgð á undirbúningi og skipulagi kennslunnar. Kennarar skipta oft með sér verkum þannig að styrkleikar hvers og eins nýtast sem best í kennslu.

Uppbyggingarstefnan er notuð er til að skapa jákvæðan skólabrag og tryggja velferð allra innan skólans. Lögð er áhersla á að byggja upp sjálfsaga og ábyrgð hjá einstaklingum með samræðum um lífsgildi og eigið sjálf. Lögð er áhersla á lífsgildin, ábyrgð og virðingu, og er nemendum kennt að bera ábyrgð á eigin orðum og gjörðum.

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi í 1. - 3. bekk. Kennsluaðferðin byggir á því að lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir þar sem merkingarbær viðfangsefni eru megináherslan og unnið er út frá gæðatexta. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna.

Til að stuðla að **góðum námsárangri** er námsumhverfi hvetjandi og væntingar eru gerðar til nemenda um nám óháð færni þeirra og getu. Allir nemendur fá áskorun og ögrun við hæfi í skólastarfinu.

Fjölbreyttir kennsluhættir og útikennsla eru ríkjandi þættir í skólastarfinu. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum í öllum kennslustundum og ígrunda starf sitt til að koma til móts við nemendur. Skólinn á útikennslusvæði, Narfakotsseylu, og nýtir það svæði ásamt öðru í nágrenni skólans til útikennslu. Nemendur læra að þekkja náttúruna og umhverfi skólans er nýtt til rannsókna og athugana.

Jákvæð og öflug samskipti við foreldra eru mikilvægur hlekkur í námi barnanna. Við viljum stuðla að faglegri samvinnu við foreldra og góðu upplýsingastreymi. Við skólann starfar öflugt foreldrafélag sem styður við skólann á allan hátt. Einnig er skólaráð skólastjórnendum til ráðgjafar þegar á þarf að halda. Skólinn sendir reglulega pósta á foreldra ásamt því að vera með lifandi heimasíðu og Facebook síðu.

Í Akurskóla ríkir faglegur metnaður og leitast er eftir að skólinn sé eftirsóttur vinnustaður þar sem starfsmenn finna fyrir öryggi og vellíðan og fá tækifæri til að vaxa í starfi.

3. Viðfangsefni innra mats 2022-2023

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og starfsmannastjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skóla-námskrá	Endurskoðun á starfsáætlun og bekkjarnámskrám.	Stjórnendur og kennarar.	Haust.	Starfsmenn og skólaráð.	x	x							
Skólapúlsinn	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi.	Skólapúlsinn. Deildarstjóri leggur fyrir.	4 mælingar, tvær á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu.		x		x		x			
	Foreldrakönnun	Skólapúlsinn.	Febrúar	Foreldrar á öllum skólastigum. 120 nemenda úrtak.		x		x	x	x			
	Starfsmannakönnun	Skólapúlsinn.	Mars	Starfsmenn		x			x	x	x		
Samtöl	Starfsmannasamtöl.	Stjórnendur.	Feb. - mars.	Allir starfsmenn.	x				x	x	x		
	Kennslurýni og samtöl í kjölfarið	Stjórnendur.	Jan. – feb.	Kennarar	x	x			x	x	x		
Lestrarskímanir	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember.	6. bekkur - nemendur sem eru undir 120 orðum á mínútu í lesfimiþrófi Lesferils við lok 5. bekkjar. Samtal tekið um þá sem eru á milli 90-120 orðum á mínútu.		x		x					
Lestrarskímanir	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Apríl	9. bekkur - nemendur sem eru undir viðmiði 1 í lesfimiþrófi Lesferils við lok 8. bekkjar. Samtal tekið um þá sem eru á milli viðmiðs 1 og 2.		x		x					
	Orðarún – lesskilningur.	Umsjónar-kennarar.	Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur 3. – 8. b.		x		x					
	Lesferill - lesskimun	Deildarstjóri stoðþjónustu og kennarar.	Október.	1. bekkur		x		x					
	Lesferill - Lesfimi og hliðarpróf eftir þörfum	Kennarar 1.-6. bekk, deildarstjóri stoðþjónustu og kennarar	Prisvar á ári. Sept., jan og maí.	Nemendur í 1. - 10. bekk.		x		x					

Stærðfræðiskimanir	Hóppróf Talnalínu	Kennarar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember til janúar.	3. bekkur.		x		x						
	Hóppróf Talnalínu	Kennarar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember til janúar.	6. bekkur.		x		x						
	Hóppróf Talnalínu	Kennarar í samvinnu verið deildarstjóra stoðþjónustu	Janúar til mars.	8. bekkur		X		X						
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólasetning, skólaslit og fleira. Framkvæmdamat er gert eftir hvern viðburð.	Skólastjórnendur	Allt skólaárið.	Starfsmenn skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.	x			x	x	x	x	x	x	x

4. Helstu niðurstöður sjálfsmats

4.1. Skólanámskrá

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár sem tók gildi 2011 og í henni er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundnum aðstæðum.

Akurskóli birtir skólanámskrá sína í tvennu lagi eins og lög gera ráð fyrir. Fyrri hlutinn er almennur hluti þar sem gerð er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á. Í ár var almenni hlutinn endurskoðaður og gildir nú til 2026. Nýja skólanámskrá Akurskóla má sjá hér:

<https://www.akurskoli.is/skolanamskra/almennur-hluti>

Seinni hlutinn er starfsáætlun. Meðfylgjandi því riti eru bekkjarnámskrár allra árganga sem finna má á heimasíðu skólans. Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum viðburðum í skólastarfi og kennsluáætlunum. Starfsáætlun er endurskoðuð ár hvert og birt að hausti. Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans <https://www.akurskoli.is/skolanamskra>. Einnig er hægt að fá afrit af henni á skrifstofu skólans.

Allir kennarar skólans endurskoða bekkjarnámskrár að vori og aftur að hausti og eru þær birtar í október á heimasíðu skólans.

4.2. Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Annað hvert ár eru allar kannanir Skólapúlsins lagðar fyrir, þ.e. nemenda-, foreldra- og starfsmannakönnun en hitt árið er það eingöngu nemendakönnunin. Í ár voru allar kannanir lagðar fyrir.

Þegar rýnt var í niðurstöður var athyglinni beint að þeim þáttum þar sem marktækur munur var á niðurstöðum Akurskóla miðað við landið.

Viðmið Akurskóla er að vera við landsmeðaltal í öllum þáttum í öllum þremur könnunum. Þeir þættir þar sem við erum marktækt yfir eða undir eru skoðaðir sérstaklega.

Nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk slembiraðast í þrjú úrtök í september, janúar og maí til að svara spurningum í Skólapúlsinum. 136 nemendur af 147 svöruðu nemendakönnuninni í ár sem gerir 92,5% svarhlutfall.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

Ánægja af lestri, áhugi og ánægja af stærðfræði, áhugi og ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi, sjálfssálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og að lokum eru tvær opnar spurningar um hvað nemendum þyki gott við skólann og hvað slæmt.

Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Niðurstöður nemendakönnunar í ár voru ekki nógu góðar að okkar mati líkt og árið á undan.

Akurskóli var marktækt undir meðaltali í níu þáttum af 18 og ekki marktækt yfir meðaltali í neinum þætti. Ljóst er að við þurfum að gera einhverjar breytingar innan skólans á þáttum sem koma illa út ár eftir ár. Tvær hugmyndir sem hafa komið upp eru annars vegar að stjórnendur Akurskóla fundi með öðrum stjórnendum í Reykjanesbæ þar sem niðurstöður Skólapúlsins hafa verið að koma vel út síðustu ár og heyra hvort við getum nýtt okkur þær aðferðir sem hafa reynst vel. Önnur hugmynd er að hafa vinnufund með kennurum og starfsmönnum sem vinna með nemendum strax við upphaf skólaárs þar sem niðurstöður fyrri ára verða kynntar og tillögur fengnar að því hvernig við getum unnið með nemendum og aukið vellíðan, virkni og skólabrag.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	3,8	131	-0,2	4,3	18.805	-0,5*
1.2. Þrautseigja í námi	3,9	134	-0,3	4,4	18.898	-0,5*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,5	134	-0,3	4,7	19.161	-0,2
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,4	134	0,1	4,4	19.153	0,0
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	3,8	134	0,1	4,3	18.885	-0,5*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,7	134	0,2	4,8	19.102	-0,1

Hér má sjá að jákvæð breyting hefur orðið á milli ára í ánægju nemenda af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfssálit	3,6	134	-0,1	4,2	18.810	-0,6*
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,7	134	0,0	4,2	18.779	-0,5*
2.3. Vellíðan	3,5	134	-0,2	4,3	18.993	-0,8*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	60	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,6	134	0,1	5,8	18.957	0,8*
2.6. Tíðni eineltis	17,2%	23/134	1,5%	15,0%	2925/18895	2,2%
2.7. Staðir eineltis	-	22	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	40,8%	53/130	6,5%	44,8%	8301/18484	-4,0%
2.9. Hollt mataræði	4,5	132	0,2	4,6	18.662	-0,1

Ánægjulegt er að sjá að tíðni hreyfingar hefur aukist hjá nemendum í Akurskóla á milli ára og að nemendur eru í auknum mæli að velja sér hollari matarkost. Einnig er ljóst að huga þarf að sjálfssáliti og vellíðan nemenda sem og upplifun þeirra af stjórn á eigin lífi.

Skólapúlsinn foreldrakönnun

Foreldrar nemenda í Akurskóla svöruðu foreldrakönnun skólapúlsins í febrúar. Við sendum út foreldrakönnun annaðhvort ár til að geta metið sýn okkar foreldra á skólastarf í samanburði við aðra skóla í landinu. Foreldrar 119 nemenda á öllum aldri taka þátt valdir með líkindaúrtaki. Spurningar eru 70 og svarhlutfallið var 67,2%.

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,3	74	-0,1	5,1	5.366	0,2
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	87,1%	61/70	-5,0%	90,6%	4426/4894	-3,5%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	89,3%	67/75	1,8%	82,8%	4374/5211	6,5%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	70,6%	48/68	0,6%	71,0%	3558/4949	-0,4%

Akurskóli er á pari við aðra skóla í öllum þáttum er varða nám og kennslu.

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,3	71	-0,6	4,6	4.870	-0,3
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	88,7%	63/71	5,4%	86,2%	4404/5085	2,5%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	84,4%	65/77	-9,7%	89,1%	4806/5370	-4,7%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	87,0%	67/77	-7,1%	89,5%	4786/5338	-2,5%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	78,4%	58/74	-12,1%	87,7%	4660/5296	-9,3%*
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	16,2%	12/74	6,6%	10,5%	559/5309	5,7%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	47,4%	9/19	11,7%	52,4%	476/906	-5,0%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	47,1%	8/17	0,9%	50,3%	443/891	-3,2%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	73,9%	34/46	10,3%	73,3%	2188/2951	0,6%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,2	19	-1,3	1,4	1.015	-0,2
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	19	-	-	-	-

Akurskóli er á pari við aðra skóla er varðar velferð nemenda fyrir utan líðan í frímínútum. En þar munar mestu að nemendum á unglingastigi líður ekki nógu vel í frímínútum samkvæmt foreldrum. Þetta er sá þáttur í könnuninni sem við höfum hug á því að kanna og gera betur í fyrir næsta skólaár. Verður þessi þáttur því skoðaður sérstaklega með nemendafélaginu í haust.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,4	72	-0,1	5,4	5.233	0,0
3.2. Ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift	83,1%	49/59	0,7%	71,1%	3291/4552	12,0%*
3.3. Notkun á mataráskrift	82,9%	63/76	-10,0%	87,9%	4772/5353	-5,0%*
3.4. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mataráskrift	7,7%	1/13	7,7%	3,2%	17/572	4,6%

Við erum á pari við aðra skóla hvað varðar aðstöðu og þjónustu fyrir utan það að foreldrar eru marktækt ánægðari með mataráskrift en nota hana marktækt minna en í öðrum skólum.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,6	69	-0,1	4,8	5.082	-0,2
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	60,9%	39/64	-7,2%	55,8%	2489/4290	5,1%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	64,3%	36/56	2,5%	63,6%	2395/3662	0,7%
4.4. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	54	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	42	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	93,2%	68/73	-4,3%	93,2%	4741/5086	0,0%
4.7. Málafni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	75	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	50,8%	30/59	-20,8%	58,0%	2572/4494	-7,1%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	83,3%	40/48	-9,2%	87,2%	3536/4053	-3,9%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	86,8%	59/68	-4,6%	78,8%	3918/4949	8,0%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	78,7%	59/75	5,2%	69,7%	3712/5250	9,0%

Hvað samstarf við foreldra varðar þá erum við á pari við aðra skóla í öllum þáttum.

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,9	72	-0,1	4,9	5.181	0,0
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,1	71	0,0	4,4	5.140	-0,3
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	82,9%	58/70	2,4%	74,0%	3654/4862	8,9%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	62,7%	42/67	-1,9%	57,3%	2819/4941	5,4%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	68,6%	35/51	13,4%	75,9%	2941/4007	-7,3%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	11,8%	6/51	-15,8%	14,2%	628/4007	-2,4%

Akurskóli er á pari við aðra skóla í öllum þáttum er varðar heimastuðning. Það er þó athyglisvert að sjá að væntingar foreldra til iðnnáms og háskólanáms taka miklum breytingum milli kannanna þar sem foreldrar eru líklegri til að sjá fyrir sér háskólanám heldur en iðnnám.

Niðurstöður foreldrakönnunar voru kynntar fyrir starfsmönnum á starfsmannafundi. Unnið verður með niðurstöðurnar í haust með nemendafélaginu, þar sem okkar áhersla verður að bæta líðan í frímínútum.

Skólapúlsinn starfsmannakönnun

Starfsfólk Akurskóla tók þátt í starfsmannakönnun skólapúlsins í mars. Við tókum þátt annað hvert ár og miðum okkur við aðra skóla í landinu auk þess að skoða breytingar hjá okkur milli kannanna.

Könnunin mælir 22 almenna þætti sem allt starfsfólk svarar auk 31 þátta sem þeir sem sinna kennslu svara að auki. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins skilar inn í febrúar. Niðurstöðurnar eru svo birtar á þátttökuskólunum í apríl. Könnunin var send á 63 starfsmenn og 61 svöruðu, sem gerir 96,8% svarhlutfall.

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	3,9	58	-0,5	4,7	1.702	-0,8*
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,9	58	0,2	4,7	1.699	0,2
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,9	58	0,2	5,0	1.698	-0,1
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,0	58	-0,3	4,9	1.702	0,1

Akurskóli er á pari við aðra skóla með þeirri undantekningu að við mælumst með marktækt minna vinnuálag en gengur og gerist annars staðar. Ánægjulegt þar sem við höfum reynt að vera meðvituð um að takmarka vinnuálag á starfsfólk Akurskóla.

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,9	58	-0,4	4,8	1.690	0,1
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,0	58	-0,5	5,0	1.687	0,0
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,4	58	-0,5	5,0	1.688	-0,6*
2.4. Ræktun mannauðs	4,7	56	-0,7	5,1	1.641	-0,4
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	80,4%	45/56	5,4%	75,6%	1187/1570	4,8%
2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	90,0%	36/40	-4,9%	88,1%	978/1110	1,9%

Starfsfólk er einnig á pari við aðra skóla í öllum þáttum fyrir utan skörun vinnu og einkalífs þar sem við mælumst marktækt betur en aðrir skólar sem er einnig mjög jákvætt.

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	4,9	57	-0,5	5,1	1.686	-0,2
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	6,1	56	0,2	4,5	1.629	1,6*
3.3. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,5	57	-0,2	5,1	1.677	0,4*
3.4. Stuðningur við nýsköpun	5,1	57	-0,5	5,2	1.672	-0,1
3.5. Mismunur	5,4	57	0,8	4,8	1.675	0,6*
3.6. Eindeltil (þú)	1,8%	1/57	-3,6%	3,4%	58/1698	-1,6%
3.7. Eindeltil (annar en þú)	24,6%	14/57	6,7%	10,8%	182/1686	13,8%*
3.8. Eindeltil (séð 2 eða fleiri lagða í eindeltil)	8,8%	5/57	3,4%	4,6%	78/1686	4,2%
3.9. Kynferðisleg áreitni	0%	0/57	-	0,5%	9/1705	-0,5%

Vinnustaðurinn kemur einnig vel út. Mikil og marktæk ánægja með vinnuaðstöðu og stuðningur frá samstarfsfólki er einnig marktækt yfir. Við erum marktækt undir viðmiðum í mismunur og samkvæmt greiningu tengist það aldri. Við erum búin að taka umræðu um það með starfsfólki með það að markmiði starfsfólk sé meðvitað og við öll þössum okkur. Við erum einnig undir er varðar eindeltil (annar en þú). 13 starfsmenn segjast hafa verið vitni að eindeltil. Við minntum á starfsmannafundi á Ekko en það stendur fyrir eindeltil, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti eða annað ofbeldi á vinnustað. Farið var yfir mikilvægi þess að láta vita og vera ekki aðgerðalaus gagnvart eindeltil. Við fórum einnig yfir bjargir og við hvern hægt er að tala. Það hafa engin eindeltilsmál komið á borð stjórnenda eða annara sem taka við eindeltilstilkynningum.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,5	56	0,1	5,3	1.648	0,2
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,0	56	0,1	5,2	1.646	-0,2
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,3	56	0,2	5,1	1.634	0,2

Mat starfsfólks á stjórnun skólans er sambærilegt við aðra skóla á landinu.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	4,9	31	-1,2	5,0	938	-0,1
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,4	31	0,3	5,0	927	0,5
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,1	24	-0,3	4,9	779	0,2
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	20,4 mín	25	-24,6 mín	35,4 mín	802	-15,0 mín*
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	48,4%	15/31	-25,1%	66,2%	639/965	-17,8%*
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	50,0%	15/30	4,5%	50,0%	449/898	0,0%
5.7. Hópvænna í bekk	46,2%	12/26	-3,8%	33,8%	291/862	12,4%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	20,7%	6/29	-11,7%	30,6%	277/906	-9,9%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	64,5%	20/31	1,6%	56,8%	524/922	7,7%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	3,3%	1/30	-27,0%	9,1%	79/867	-5,8%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	93,5%	29/31	7,8%	78,1%	730/935	15,4%*

Kennarar í Akurskóla meta starfið sitt svipað og aðrir kennarar á landinu fyrir utan að meðaltími í heimavinnu þar sem við erum marktækt undir sem er eðlilegt miðað við áherslur og kennsluhætti. Undirbúningur kennslu í skólanum er einnig marktækt minni hér en í öðrum skólum. Á meðan áhersla á námsmat annað en próf er marktækt meiri hér en það rímar við áherslur og kennsluhætti sem við leggjum áherslu á s.s. leiðsagnarnám og símat.

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,8	26	-0,1	5,3	843	0,5
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	4,7	26	-0,8	5,2	836	-0,5
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	4,7	30	-0,8	5,2	928	-0,5
6.4. Samráð um kennslu	5,7	28	0,2	5,3	897	0,4
6.5. Samvinna um kennslu	6,4	26	1,0	5,7	809	0,7*

Hvað starfsumhverfi varðar, þá erum við á pari við aðra skóla á landinu nema við erum marktækt með meiri samvinnu um kennslu. Samvinna um kennslu er ágætis mælikvarði á samþættingu námsgreina og aldursblöndun í verkefnavinnu. Þetta rímar vel við áherslur okkar og er þetta sá þáttur sem við ætlum okkur að gera enn betur í.

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	37,9%	11/29	-25,7%	46,4%	429/924	-8,5%
7.2. Símenntunarpörf kennara	6,4	29	1,0	6,4	911	0,0
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	44,8%	13/29	13,4%	48,2%	450/934	-3,4%

Símenntun kennara er sambærileg í Akurskóla og í öðrum skólum á landinu.


Niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins voru kynntar fyrir starfsfólki á fundi. Umræður fundarins voru á þá leið að styrkja frekar þá þætti sem ganga vel. Helst viljum við bæta enn samvinnu um kennslu. Við ætlum að vera meðvituð um mismunun sökum aldurs og útrýma því. Einnig viljum við ekki einelti á vinnustaðnum og ætlum ekki að standa hjá þegar við teljum okkur verða vitni að því.

4.3. Viðhorfskönnun meðal foreldra

Eins og síðasta skólaár varð ákveðið að skoða viðhorf foreldra í 3., 6. og 9. bekk til skólans. Foreldrar og forráðamenn fengu sendan spurningalista í tölvupósti og óskað var eftir að þeir tækju afstöðu til ákveðinna þátta í skólastarfinu.

3. bekkur

■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki né ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála



Niðurstöður voru nokkuð góðar og vorum við ánægð með þátttöku í könnuninni en 24 fjórir svöruðu en 35 börn eru í árganginum. Höfum við rýnt í niðurstöður og tekið til greina það sem við þurfum að bæta okkur í. Ánægjulegt er að sjá hversu mikið traust er borið til starfsfólks skólans og að foreldrar upplifi að þeir séu velkomnir í skólann. Foreldrar fylgjast vel með námi barna sinna og skólinn tekur tillit til óska og athugasemda foreldra ásamt því að leggja metnað í að kennslan sé góð.

Í ár spurðum við sérstaklega um ánægju foreldra með samtalsdaginn sem var nemendastýrður. Upplifun foreldra í 3. bekk var mjög góð af þessu fyrirkomulagi. Eins og sjá má af myndinni.

Samtalsdagur 31. janúar. Í ár reyndum við að hafa viðtalið í janúar nemendastýrt og nemendur undirbjuggu viðtalið að stórum hluta. Hvernig var upplifun þín af viðtalinu í ár?


[More Details](#)

● Mjög góð upplifun	11
● Frekar góð upplifun	10
● Hlutlaus	3
● Frekar slæm upplifun	0
● Mjög slæm upplifun	0



6. bekkur

■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki né ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála



Svörun foreldra í 6. bekk var ekki nógu góð en eingöngu 18 foreldrar svöruðu en 38 börn eru í bekknum. Í 6. bekk fylgjast foreldrar vel með námi barna sinna og finnst þeir velkomnir í skólann. Þeir treysta starfsmönnum skólans og finnst kennarar leggja metnað í að kennslan sé góð. Líðan og samskipti nemenda eru ekki í nógu góðu lagi og verður hugað að því á næsta skólaári.

Þegar foreldrar í 6. bekk voru spurð um ánægju með samtalsdaginn voru flestir nokkuð ánægðir eins og sjá má á myndinni.

5. Samtalsdagur 31. janúar. Í ár reyndum við að hafa viðtalið í janúar nemendastýrt og nemendur undirbjuggu viðtalið að stórum hluta. Hvernig var upplifun þín af viðtalinu í ár?

[More Details](#)


● Mjög góð upplifun	3
● Frekar góð upplifun	11
● Hlutlaus	2
● Frekar slæm upplifun	1
● Mjög slæm upplifun	1



9. bekkur

17 svör bárust frá foreldrum 35 barna í 9. bekk í ár. Foreldrar treysta starfsmönnum skólans, finnst þeir verða velkomnir, telja að börnum sínum líði vel í skólanum og eru ánægðir með upplýsingaflæði og kennsluna. Mjög ánægjulegar niðurstöður í 9. bekk eins og sjá má á myndinni.

■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki né ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála



Þegar foreldrar voru spurðir um nemendastýrðu foreldrasamtölin var svörunin eins og myndin sýnir.

5. Samtalsdagur 31. janúar. Í ár reyndum við að hafa viðtalið í janúar nemendastýrt og nemendur undirbjuggu viðtalið að stórum hluta. Hvernig var upplifun þín af viðtalinu í ár?

[More Details](#)

● Mjög góð upplifun	8
● Frekar góð upplifun	2
● Hlutlaus	6
● Frekar slæm upplifun	1
● Mjög slæm upplifun	0



4.4. Niðurstöður eineltisteymis

Eineltisteymi er starfrækt við Akurskóla. Í því sitja Sigrún Helga Björgvinsdóttir náms- og starfsráðgjafi, Arna Arnarsdóttir þroskaþjálfari, Ester Inga Alfreðsdóttir kennari, Guðrún Gunnarsdóttir deildarstjóri 6.-10. bekkjar og Katrín Jóna Ólafsdóttir deildarstjóri 1.-5. bekkjar. Einnig koma umsjónarkennarar að málum og eru með í viðtölum.

Á þessu skólaári bárust sex tilkynningar vegna gruns um einelti. Tveimur málum hefur verið lokað, eitt mál varðar nemanda sem er útskrifaður og þá eru þrjú mál enn opin og verður haldið áfram að fylgjast með þeim á næsta skólaári.

Breytingar voru gerðar á vinnslu eineltismála og nú er gerð skýrsla eftir hvert mál og þegar málin eru unnin eru öll skref sem tekin eru skráð. Með þessu verklagi höfum við betri yfirsýn yfir vinnslu mála og getum sýnt fram á hvaða skref voru tekin við vinnslu málsins. Allir í teyminu bera ábyrgð á fylla inn í skjalið. Einnig ákvað teymið að hafa ákveðinn tímaramma fyrir mál sem eru opin. Þegar tilkynning berst teyminu þá er strax farið í það að taka viðtöl við þolanda og geranda. Tveimur vikum eftir það eru svo tekin eftirfylgni viðtöl og mánuði eftir það er málinu lokað ef ekkert atvik hefur átt sér stað. Umsjónarkennari mun þó halda áfram að fylgjast með. Þetta er gert svo að við séum ekki með opið mál allan veturinn þó að allri vinnslu í málinu sé lokið. Þetta verður kynnt fyrir starfsfólki á haustdögum.

4.5. Foreldrasamtöl

Í ár var ákveðið að hafa einn samtalsdag á skóladagatali og umsjónarkennarar hringja í foreldra þrisvar sinnum yfir skólaárið, dagana 18.-20. september, 17.-19. janúar og 15.-17. maí. Kennarar sendu út tölvupóst vikuna áður og minntu á símtölin ef foreldrar vildu óska eftir ákveðnum tíma. Hefðbundinn samtalsdagur var síðan 31. janúar og fóru tímabantanir fram í gegn um Mentor.


Samtalsdagurinn var nemendastýrður, líkt og árið á undan, og voru stjórnendur búnir að útbúa eyðublað fyrir kennara til þess að nýta sér í þá vinnu með nemendum. Um var að ræða þrjár mismunandi útgáfur, fyrir yngsta-, mið- og unglíngastig, þar sem nemendastýringin var mismikil eftir því hvað hentaði hverju aldursbili.

Í kjölfar samtalsdagsins var send út könnun þar sem kennarar voru spurðir út í fyrirkomulag samtalanna. 11 svör bárust eitt frá hverjum árgangi nema 9. bekk þar sem tvö svör bárust.

2. Að hvað miklu leyti voru samtölin nemendastýrð? (0 point)

[More Details](#)

● Að engu leyti	0
● Að mjög litlu leyti 0-20%	0
● Að nokkru leyti 20-40%	1
● Um helmingur 40-60%	2
● Að meirihluta 60-80%	6
● Að stórum hluta 80-95%	1
● Að öllu leyti 100%	1



3. Hver talaði mest í viðtalinu? (0 point)

[More Details](#)

● Kennari	8
● Nemandi	3
● Foreldri	0



4. Hver fór yfir gátlistann sem nemandi fyllti út fyrir viðtalið? (0 point)

[More Details](#)

[Insights](#)

● Kennari	7
● Nemandi	4



Í opnu spurningum kom eftirfarandi fram hjá kennurum:

„Ég talaði mest því ég spurði nemendur út í svörin þeirra í heftinu. Þau voru mörg hver feimin við að lesa þetta upp og áttu erfitt með að tjá sig um svörin. En fannst

þetta þó ganga betur en í fyrra. Held því að æfingin muni gera helling fyrir þau og þau verði betri strax næsta ár.“

„Stundum talaði ég meira.“

„Gott fyrirkomulag. Værum til í að heyra frá kennurum sem létu nemendur tala hvernig það gekk. Hvað sé jákvætt og/eða neikvætt við það.“

„Nokkrir nemendur fóru yfir gátlistann.“

„Mér finnst þetta geggjað. Foreldraviðtölin eru aldrei lengri en þegar nemendur stýra þeim.“

„Þetta reynist mörgum nemendum mjög erfitt en þeir þjálfast í þessu og því mikilvægt að byrja enn fyrr á þessu og þjálfna nemendur smátt og smátt á yngri árum.“

„Bæði kennarar og nemendur töluðu jafnt í viðtalinu að mestu leyti. Kom bara mjög vel út en hefðum viljað útfæra spurningarnar öðruvísi. Spurningarlistinn virðist ekki alveg í samræmi við leiðsagnarnámið sem við erum í.“

„Þetta fyrirkomulag reyndist vel.“

Markmið næsta árs er að gera viðtölin enn meira nemendastýrð og láta nemendur tala meira og segja frá.

4.6. Starfsmannasamtöl

Öllum starfsmönnum skólans stóð til boða að fara í starfsmannasamtöl til skólastjóra, aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra. Starfsmenn fylltu út rafrænt eyðublað með ákveðnum spurningum áður en þeir mættu til viðtals. Stjórnendur skráðu á sig starfsmenn til viðtals af handahófi. Svör starfsmanna voru notuð sem grunnur í viðtölunum. Viðtölin gengu vel og af 63 sem svöruðu mættu 45 til viðtals.

Almenn líðan var yfirleitt góð hjá starfsmönnum. Aðbúnaður var góður og komu góðir punktar um það sem betur mætti fara.

Starfsmenn sáu mörg tækifæri hjá sjálfum sér að bæta sig en sáu líka margt í skólastarfinu sem hægt var að hrósa. Hrósi starfsmanna var safnað saman á Padlet vegg og birt öllum og var almenn ánægja með það.

4.7. Kennslurýni og samtöl

Að venju fóru skólastjórnendur inn til allra kennara og sátu a.m.k. eina kennslustund hjá hverjum.

Stjórnendur voru með punkta á blaði sem kennarar höfðu fengið að sjá áður og mátu þessa þætti hjá

kennaranum. Hver kennari fékk svo samtal við stjórnanda um hvað var vel gert og hvað mætti betur fara. Mikil ánægja var meðal kennara með matið og sögðust allir hafa haft ánægju af því að fá skólastjórnendur inn og fá samtalið.

Þau viðmið sem voru skoðuð núna sjást hér á myndinni.

3. Vinnuvenjur kennara

Viðmið	Óviðunandi	Viðunandi	Gott	Frábært
Góð fagþekking kennara	Þekking kennarans á viðfangsefninu virðist glöppótt, vart verður við rangfærslur og óöryggi í framsetningu	Kennari sýnir fullnægjandi þekkingu á faginu	Þekking kennarans er viðtækari en viðfangsefnið krefst og hann nýtir hana í kennslunni	Kennarinn nýtir viðtæka þekkingu sína á málaflokknum til að efla nám allra nemenda
Kennarinn spyr markvissra spurninga úr námsefninu	Kennarinn leggur ekki spurningar fyrir nemendur	Kennarinn spyr nemendahópinn spurninga í kennslustund	Kennarinn notar spurningar til að leggja lauslegt mat á stöðu nemenda og til að athuga skilning nemenda á viðfangsefninu	Vandlega valdar og vel afmarkaðar spurningar eru notaðar á markvissan hátt til að kanna skilning nemenda, fyrirbyggja misskilning og meta hvort nemendur hafa náð markmiðum kennslustundarinnar
Kennarinn notar opnar spurninga til að hvetja nemendur til sjálfstæðrar hugsunar	Kennarinn spyr ekki opinna spurninga	Kennarinn spyr opinna spurninga í kennslustundinni	Kennarinn spyr valinna spurninga til að örva færni nemenda til að ígrunda, leita lausna og til samræðu	Kennarinn notar vel valdar opnar spurningar til að dýpka nám og skilning nemenda
Kennarinn notar sýnikennslu (fyrirmynd e. modelling)	Kennarinn er ekki með sýnikennslu	Kennarinn sýnir nemendum dæmi um hvernig hægt er að leysa verkefni	Kennarinn gefur skýr dæmi um hvers vænst er af nemendum og tengir dæmin náms- og árangursmarkmiðum	Kennarinn gefur lýsandi dæmi um hvers vænst er af nemendum og bendir þeim á hvernig þeir geti náð náms- og árangursmarkmiðum og jafnvel komist enn lengra
Kennarinn vinnur með áhersluhóp	Kennarinn hefur engan sérstakan áhersluhóp	Kennarinn hefur sérstakan áhersluhóp einkum í sjálfstæðum verkefnum	Kennarinn styður sérstakan áhersluhóp alla kennslustundina	Öll kennslustundin einkennist af því að kennarinn styður við og örvar sérstaklega nám áhersluhópsins
Unnið með talað mál og hlustun	Kennarinn vinnur ekki markvisst með talað mál og hlustun í kennslustundinni	Kennarinn notar a.m.k. eina aðferð talaðs máls og hlustunar	Kennarinn notar <i>talað mál og hlustun</i> á afgerandi hátt til að styðja við námið	Kennarinn beitir markvisst fjölda aðferða sem byggja á <i>töluðu máli og hlustun</i> í þeim tilgangi að efla nám nemenda
Gert er ráð fyrir fjölbreyttum námsstíl	Það er lögð lítil rækt við námstíl nemenda	Í kennslunni er möguleiki fyrir nemendur að nota ólíkan námstíl	Í kennslunni skipuleggur kennarinn sérstök tækifæri í fyrir nemendur til að beita fjölbreyttum námsstíl	Kennarinn skipuleggur kennsluna með það í huga að nemendur geti nýtt sér margs konar námsstíl og valið það verkefni sem hentar þeirra stíl best
Kennslan er vel skipulögð og tíminn er velnýttur	Námsefninu eru ekki gerð full skil og tímamörk standast ekki	Kennslustundin er vel skipulögð og tímamörk standast	Kennslustundin er vel uppbyggð og eðlilegur stígandi í verkefnum. Hún fer fram á þeim hraða sem heldur nemendum við efnið og viðheldur áhuga þeirra	Kennslustundin er byggð upp á markvissan hátt sem hvetur nemendur til að nýta tímann til fullnustu

Lykilhugtök fyrir kennara:



Lyklar að árangri

Gefið nemendum umhugsunarfrest áður en þeir svara spurningum	Sinnið áhersluhópnum sérstaklega í hverri kennslustund þannig er tryggt að unnið hafi verið náð með öllum nemendum í hverri viku
Leyfið nemendum að ræða saman um ákveðin mál og kallið síðan hópinn saman til að komast að niðurstöðu	Minnið nemendur reglulega á tímamörkin, t.d. þið hafið tíu mínútur til að klára
Gefið nemendum tækifæri til að svara spurningum á litlar tússtöflur. Þetta er líka góð leið til að meta þekkingu og skilning nemenda	Kannið skilning nemenda reglulega t.d. með því að fara yfir dæmi eða texta
Notið regluna „engar hendur á lofti“ til að koma í veg fyrir að sömu nemendur svari alltaf	Notið mismunandi nálganir í náminu til þess að öllum námstílum séu gerð skil, t.d. þegar unnið er með margföldun þá er nemendum sagt að standa upp þegar 6 gengur upp í tölu sem kennarinn nefnir en krjúpa á gólfíð ef hún gerir það ekki
Þegar þið sýnið dæmi á töflu er gott að hugsa upphátt svo nemendur heyri hvernig hugmyndir þróast t.d. <i>er hægt að nota annað orð í stað hrópaði, já það er hægt að nota kallaði.</i>	Veitið nemendum munnlega og skriflega endurgjöf. Gott er að nota áherslupennann til að leggja áherslu á góða vinnu og þegar markmiðum hefur verið náð

4.8. Lestrarskimanir

Í Akurskóla eru lagðar reglulega fyrir skimanir í lestri s.s. Logos og Lesfimi ásamt Orðarún. Kennarar leggja þessar skimanir fyrir og vinna úr þeim og gera áætlanir um áframhaldandi vinnu til að efla lestur og læsi í sínum árgangi.

6. bekkur - Logos-læsissskimun

Í Logos í 6. bekk eru einungis þeir nemendur skimaðir sem eru undir 120 orðum á mínútu í lesfimiþrófi Lesferils við lok 5. bekkjar.

Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, deildarstjóra stoðþjónustu og skólastjórnendum á fundi.

Út frá niðurstöðum lesferils sem lagt var fyrir í maí og september voru 19 nemendur af 38 undir viðmiðum og ekki með neina lestrarörðuleika sem vitað var um. Tveir af þessum nemendum voru sendir í stöðumat í sínu sterkasta tungumáli. Þeir 17 sem eftir stóðu voru skimaðir með Logos í nóvember 2022. Niðurstöður Logos sýndu fram á að kanna þurfti frekar sex nemendur sem allir að lokum greindust með dyslexíu. Þeir nemendur sem fóru ekki í frekara mat fengu þjálfunarefnið Fimmuna með sér heim. Í lesfimiþrófi Lesferils í vor sáust framfarir hjá flestum nemendum.

9. bekkur - Logos-læsissskimun

Í Logos í 9. bekk eru einungis þeir nemendur skimaðir sem eru undir viðmiðum 2 í lesfimiþrófi Lesferils við lok 8. bekkjar. Þessi skimun fór fram í lok september og kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, deildarstjóra stoðþjónustu og skólastjórnendum á fundi. Út frá niðurstöðum lesfimiþrófa í september og janúar skólaárið áður voru 16 nemendur sem þurfti að athuga betur. Eftir Logos skimunina stóðu eftir sex nemendur úr 9. bekk fóru í Logos greiningarþrófið og greindust þeir allir með dyslexíu.


3. – 8. bekkur - Orðarún

Orðarún er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:

- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd


Prófin eru lögð fyrir í að hausti í október og svo að vori í febrúar.

Umsjónarkennarar lögðu prófin fyrir og fóru yfir þau. Deildarstjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.



Hér má sjá meðaltal hvers árgangs í hvoru prófi fyrir sig. Akurskóli miðar við að meðaltal árgangs sé 65% og erum við sífellt að nálgast þá tölu. Við sjáum framfarir á milli prófa hjá tveimur árgöngum.

Hlutfall nemenda með 11-20 atriði rétt



Hér má sjá að hlutfall þeirra nemenda sem svöruðu 11-20 atriðum af 20 rétt fjölgar á milli prófa í þremur árgöngum af sex. Sérstaklega eru framfarir góðar í 5. og 7. bekk.

Í kjölfarið á fyrirlögn prófanna mátu kennarar niðurstöður og fylgdu þeim eftir með þjálfun í bekk og endurmati. Þjálfunin fól í sér markvissa orðaforðakennslu og einnig þjálfun í lesskilningi í víðu samhengi.

1. – 10. bekkur - Lesfimi

Lesferill - lesfimi var lagt fyrir í 1.-10. bekk.

1. bekkur: Lesskimunarpróf í september

1.-10. bekkur: lesfimi í september, janúar og maí.

1.-10. bekkur: Sjónrænn orðaforði og orðleysur í september, janúar og maí eftir þörfum.

Lesviðmiðin samanstanda af þremur flokkum:


- Viðmið 1 sem 90% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 2 sem 50% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 3 sem 25% nemenda eiga að uppfylla

Umsjónarkennarar í 1. - 6. bekk lögðu prófin fyrir hjá sínum nemendum en í 7. - 10. bekk lögðu íslenskukennarar lesfimiþrófin fyrir alla nemendur í september, janúar og maí. Eftir fyrirlögn voru


niðurstöður skráðar inn í Skólagátt og kennarar fengu stöðuna á hverjum nemenda miðað við stöðu jafnaldra á landsvísu og unnu út frá henni. Deildarstjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn. Niðurstöður lesskímunarprófs í 1. bekk og lesfímiprófa í öllum árgöngum voru færðar í Mentor og einnig kynntar á samtalsdegi í janúar og í námsmati að vori. Niðurstöðum lesskímunarprófs var einnig skilað inn til Fræðsluskrifstofu til úrvinnslu.

Í kjölfarið af skimun í 1. bekk var brugðist við námsþörfum nemenda. Nemendur með slaka stafa- og hljóðaþekkingu fengu sérkennslu í lestri strax um haustið fram á vor ásamt endur innlögn á stöfum. Þá voru sérstakar stafakannanir lagðar fyrir og hljóðkerfisþjálfun aukin. Nemendur með erfiðleika í öðrum bekkjum fengu þjálfun hjá sérkennara eða öðrum kennara. Nemendur lásu fyrir kennara og/eða stuðningsfulltrúa daglega. Þeir nemendur í 2. til 7. bekk sem voru nálægt 1. þrepi fengu þjálfunarefnið Eitt skref í einu – Lesfímipþjálfun eða Fimmuna allt eftir því hvað hentaði hverjum og einum.

Eins og sjá má á þessum tveimur myndum frá fyrirlögn í september og maí sýna nemendur í Akurskóla töluverðar framfarir og sérstaklega á yngsta stigi.



Fyrsta súlan sýnir viðmið MMS fyrir alla árganga. Í september eru nemendur Akurskóla nokkuð frá þessu viðmiði.



Í maí má sjá að allir árgangar ná framförum í lesfimi. Nemendum undir viðmiði 1 hefur fækkað verulega og hlutfall nemenda milli viðmiðs 2 og 3 og yfir viðmiði 3 hefur hækkað.

4.9. Stærðfræðiskimanir

Akurskóli leggur fyrir skimunarprófið Talnalínu. Það skimunarpróf er tiltölulega nýtt matstæki og er þetta annað skólaárið sem skimunarprófið er notað. Talnalína er próf sem metur grunnþætti stærðfræðinnar í 3., 6. og 8. bekk. Stærðfræðikennarar bekkjanna leggja prófin fyrir en deildarstjóri stoðþjónustu er þeim innan handar. Eftir fyrirlögnina skrifa kennarar stutta greinagerð og hún ásamt niðurstöðum eru sendar á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar.

Talnalína í 3., 6. og 8. bekk

Talnalína er nýtt stöðupróf í stærðfræði sem lagt er fyrir nemendur í 3. og 6. bekk fyrir lok janúar og lagt fyrir nemendur í 8. bekk fyrir lok mars. Kennarar leggja þessi próf fyrir og kynna svo sjálfir niðurstöðurnar fyrir deildarstjóra stoðþjónustu og Fræðsluskrifstofunni.

Prófið metur hvar nemandinn stendur í því efni sem kennt hefur verið. Dæmin í prófinu eru metin sem A, B eða C hæfni, og er það stefna skólans að sem flestir nái B hæfni í öllum efnisþáttum í lok skólaársins. Niðurstöður Talnalínu eru ekki reiknaðar í prósentum eða raðeinkunn. Niðurstöðurnar sýna einungis hvar einstaka nemandi stendur og hvað hann þarf aðstoð með til að efla enn frekar færni sína.

Prófinu fylgir ítarefni sem kennarar nýta sér ef nemandi hefur ekki náð B hæfni í ákveðnum efnisþáttum. Ef vinnan með ítarefni skilar ekki tilætluðum árangri koma kennsluráðgjafar með tillögur að næstu skrefum.

Það gekk vel að leggja skimunina fyrir í 3. bekk. Rúmlega 90% nemenda fengu ítarefni með sér heim til að æfa sig á eftir fyrirlögnina. Í kjölfar prófsins fóru kennarar enn betur í að setja upp samlagningu

og frádrátt með tveggja og þriggja stafa tölum, að taka til láns og geyma. En það voru þættir sem almennt komu ekki nógu vel út í skimuninni.

Í 6. bekk gekk fyrirlögnin vel. Kennarar byrjuðu á undirbúningavinnu í desember og janúar þar sem nemendur fengu innlögn og dæmi til að æfa sig á. Eftir skimunina fengu allir sem náðu ekki hæfni B eða C æfingardæmi með sér heim og áttu að skila til kennara. Þetta var yfir 90% nemenda. Í þeim þáttum sem yfir 60% nemenda voru ekki með á hreinu var farið í upprifjun í kennslustund.

Fyrirlögn í 8. bekk gekk vel. Aðeins einn nemandi af 25 náði C og B hæfni í öllum þáttum og fékk því ekki ítarefni sent heim. Hinir 24 fengu ítarefni og langflestir hátt á annan tug þeirra. Niðurstöðurnar benda til þess að vinna þurfi markvisst með fjölmörg grunnatriði í framhaldinu með árganginum.

5. Framkvæmdamat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Stjórnendur og starfsmenn	Nemendur mættur í heimastofur 23. ágúst, 2.-6. bekkur kl. 8.20 og 7.-10. bekkur kl. 8.30. Kennsla hófst eftir stutta setningu inni hverju rými. Eftir það hófst kennsla en var fyrsti dagur uppbrotsdagur þar sem áhersla var lögð á hópefli. Nemendur í 1. bekk komu á sal 24. ágúst þar sem var stutt athöfn og fóru nemendur síðan í sitt rými og hófst kennsla þá.
Ólympíu-hlaup ÍSÍ	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Hlaupið gekk mjög vel og var góð þátttaka. Við reynum alltaf að fylgja veðurspánni og taka hlaupið í góðu veðri. Nemendur 7. bekkjar áttu bestan árangur yfir fjölda kílómetra í Ólympíuhlaupinu. Nemendur fengu viðurkenningu fyrir að hlaupa fimm eða fleiri hringi í hlaupinu. Fyrir næsta ár þarf að skoða tímamörk og hafa hringinn styttri.
Göngum í skólann	Allir starfsmenn og íþróttakennarar	Heilsuátakið Göngum í skólann fór fram í Akurskóla tímabilið 7. september til 5. október og voru nemendur hvattir til að ganga eða hjóla í skólann. Að tímabilinu loknu var svo haldin verðlaunaafhending fyrir hvert stig í íþróttasalnum. Kennarar keppa í þrautabraut sem vekur mikla kátínu. Þeir bekkir sem stóðu uppi sem sigurvegarar á hverju stigi fengu faraldsbikar (Gullskór) í verðlaun. Verkefnið tókst mjög vel og voru allir bekkir mjög virkir.
Þemadagar	Allir starfsmenn	Starfsmönnum skólans var skipt í 10 hópa og öllum nemendum 1.-10. bekkjar skipt á þessa hópa. Hver hópur valdi sér verkefni tengt þemanu sem var furðuverur. Ýmsar furðuverur urðu til m.a. risaköttur og skrímsli. Unnið var í hópum í tvo daga og síðan sett upp sýning á þriðja degi og foreldrum boðið að koma og skoða afraksturinn. Mikil ánægja með þemað og gekk það mjög vel. Almenn ánægja með að blanda árgöngum og gátu eldri nemendur aðstoðað yngri nemendum. Á næstu þemadögum er óskað eftir að hafa annað en hrollvekjubema.
Lestrarverkefnið Skólaslit 2	Allir starfsmenn	Skólinn tók þátt í lestrarverkefninu Skólaslit. Í heilan mánuð birtist einn kafli úr framhaldssögu sem nemendur í 3.-10. bekk fylgdust með. Margir bekkir unnu lestrartengd verkefni samhliða bókinni og svo var uppskeruhátíð í tengslum við söguna blandað þemadögum þetta árið.
Upplestrarkeppnin hjá 7. bekk	Stjórnendur	Handbókin með leiðbeiningum fyrir kennara til hvers er ætlast af nemendum í keppninni og hvernig best er að haga undirbúningi keppinnar var send á íslenskukennara í 7. bekk við upphaf skólaárs. Á Degi íslenskrar tungu var sérstaklega útbúið ræðupúlt sem skreytt var af nemanda í skólanum afhent af sigurvegurum upplestrarkeppni Akurskóla í fyrra til 7. bekkjar sem þau nota við undirbúning keppinnar. Sex nemendur komust áfram úr bekkjarkeppni og tveir fóru fyrir hönd Akurskóla í lokakeppnina sem fór fram í Hljómahöll, tveir. Nemendum í 6. bekk var boðið að koma og horfa á keppnina á sal, ásamt nemendum í 7. bekk og foreldrum keppenda.

		Dómarar skólaárið 2022-2023 voru Lára Guðmundsdóttir fyrrverandi skólastjóri, Hrafnhildur Hilmarsdóttir fyrrverandi kennari og Kristín Þóra Möller kennari við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
Jólahátíð	Allir starfsmenn skólans	Aflýsa þurfti jólahátíðinni 20. desember vegna veðurs. Kennarar héldu í staðinn litla jólahátíð 6. janúar þar sem nemendur áttu notalega stund saman.
Þrettándinn		Á þrettándanum þann 6. janúar var haldin þrettándagleði í Narfakotsseylu. Þar var boðið uppá kakó og piparkökur fyrir nemendur og starfsfólk Akurskóla. Nemendur komu í tveimur hópum kl. 8.30 mættu nemendur í 1.-5. bekk og kl. 9.15 nemendur í 6. -10. bekk. Bál var kveikt á eldstæðinu, skotið upp flugeldatertu og spiluð áramótatónlist. Vel heppnuð stund og skemmtu allir sér vel þrátt fyrir fimbulkulda og vont kakó.
Öskudagur	Allir starfsmenn	Dagurinn var tvískiptur. 1.-5. bekkur fór á milli í stöðvum sem voru skipulagðar af kennurum. Það sem var í boði voru leikir í íþróttahúsi, bíó, kubbar, teikna, dans, púsl og spil. Skóli var frá 8.10-10.40 og var hver árgangur í u.þ.b. 15 mínútur á hverri stöð. Nesti og frímínútur voru ekki þennan dag. Starfsfólk fór í kaffi kl. 10.40 nema þeir sem starfa í frístund sem fóru kl. 9.10-9.30. Gekk vel og voru nemendur ánægðir. Nemendur byrjuðu og enduðu daginn í heimastofu. 6. - 10. bekkur fór í menntastríð. Liðum var fækkað úr 16 niður í 10 frá því í fyrra. Nemendum var því skipt í 10 hópa þvert á árganga og gengu á milli stofa og kepptu í hinum ýmsu þrautum sem kennarar voru búnir að setja upp. Liðin gátu fengið allt að 16 stig fyrir hverja þraut. Kennarar voru með lifandi excelskjál þar sem stigin voru færð inn um leið og sigurvegarar tilkynntir á sal samdægurs af deildarstjóra. Sigurliðið fékk pizzaveislu í verðlaun.
Árshátíð skólans	Allir starfsmenn skólans	<p>Árshátíð Akurskóla fór fram 23. og 24. mars.</p> <p>23. Var uppbrotsdagur samkvæmt skóladagatali og var að flestu leiti hefðbundinn kennsludagur nema árgangar komu á sal í generalprufu samkvæmt skipulagi frá deildarstjóra. Fólk hafði verið hvatt til þess að fara í salinn og æfa atriðin sín í vikunni á undan en mikið bar á því að nemendur voru að æfa atriðið í fyrsta skipti á sviðinu á generalprufu og skapaði það miklar tafir. Leggja verður áherslu á það fyrir næsta ár að generalprufa er bara eitt rennsli og að æfa verði atriði vel áður.</p> <p>Árshátíð 7.-10. bekkjar var haldin að kvöldi 23. mars. Árshátíðin hófst kl. 19 með atriðum frá nemendum. Nemendur í 7. bekk fluttu leikrit þar sem þau gerðu góðlátlegt grín að kennurunum sínum, 8. bekkur var með Idol atriði, 9. bekkur með hæfileikakeppni og 10. bekkur var svo með hið árlega árshátíðarmyndband sem vakti mikla lukku. DJ Ólafur Jóhann tók svo við og spilaði fyrir nemendur til kl. 23. Nemendaráð bauð upp á leynigest sem var rapparinn ISSI. Umsjónarkennarar í 7.-10. bekk sáu um að vinna á ballinu. Nemendur og umsjónarkennarar í 7.-10. bekk voru svo í fríi 24. mars.</p> <p>Árshátíð 1.-6. bekkjar var haldin 24. mars og var henni tvískipt. Kl. 9.00 mættu nemendur 1.-3. bekkjar og kl. 10.30 mættu nemendur 4.-6. bekk. Mikill metnaður var lagður í atriðin og voru þau glæsileg. Í lok hátíðarinnar var nemendum og gestum boðið uppá köku, kaffi og djús. Mikil ánægja var með fyrirkomulag árshátíðarinnar.</p>

Þema í maí	Allir starfsmenn skólans	<p>Í 1.-4.bekk var þemað Undir berum himni og skipulagði hver árgangur skemmtilegan viðburð sem var m.a. hjólaferðir, ferð á bókasafn og skrudgarðinn, fjöruferð og gönguferðir. Því miður var ekki hægt að fara í sund vegna verkfalls starfsmanna íþróttahúsa.</p> <p>Í 5.-7.bekk var nemendum skipt í fjóra hópa þvert á árganga. Stöðvarnar skiptust í keppni í Akurtröllinu, Kahoot og bingó, ratleik og spil og frisbí. Gekk það mjög vel og var mikil ánægja.</p> <p>Í 8.-10. bekk var þemað „Tækni og Vísindi“ og þar var nemendum einnig skipt í hópa þvert á árganga. Hóparnir fóru svo á milli fimm mismunandi stöðva þar sem kennararnir voru búnir að setja upp spennandi tilraunir með hin ýmsu efni. Á einni stöðinni grúskuðu nemendur í tímaritinu Lifandi Vísindi og einnig var ein stöð sem fékkst við gervigreind.</p> <p>Leiklistarval á unglíngastigi sýndi leikritið Frelsi sem þau höfðu verið að æfa fyrir miðstig og unglíngastig á þemadögum.</p>
Vorhátíð	Allir starfsmenn skólans	<p>Nemendur mættur kl. 8.45 í heimastofur. Kl. 9.00 var farið í skrudgöngu og var genginn lítill hringur í hverfinu. Að því loknu var byrjað á stöðvum þar sem hver árgangur keppti í ýmsum greinum. Að því loknu var boðið í pylsupartý og tónlistarmaðurinn Blaffi kom og skemmti. Vel heppnuð hátíð og fóru glaðir og ánægðir nemendur heim.</p>
Skólaslit	Allir starfsmenn skólans.	<p>Skólaslit 1.-9.bekk var haldin í íþróttasal Akurskóla 8.júní. Tvö tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nemendur mættu með foreldrum og kvöddu síðan umsjónarkennarar nemendur sína í heimastofu og afhentu þeim vitnisburð og lásu upp hrósskjöl.</p>
Hátíðarkvöld-verður 10. bekkjar	Stjórnendur og umsjónarkennarar 10. bekkjar	<p>Hátíðarkvöldverðurinn var haldinn á sal skólans fyrir árshátíð grunnskóla Reykjanesbæjar, 13. apríl. Foreldrar 10. bekkjar sáu um að undirbúa salinn, útvega veitingar, þjóna til borðs og ganga frá. Umsjónarkennarar skipulögðu kvöldið en tveir nemendur fluttu tónlistaratriði, ræða frá aðstoðarskólastjóra og nemanda fyrir hönd útskriftarhópsins og úr varð skemmtilegt kvöld og allir fóru sáttir á árshátíð í Hljómahöll.</p>
Útskriftin hjá 10.bekk	Stjórnendur	<p>Útskriftarathöfn 10. bekkjar fór fram í íþróttahúsinu kl. 14 þann 7. júní, sama dag og vorhátíð fór fram. Útskriftin var með hefðbundnu sniði þar sem skólastjóri flutti ávarp, fulltrúar nemenda voru með ávarp og umsjónarkennarar fluttu einnig ávarp. Þá voru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi og mjög góðan námsárangur en viðurkenningarnar voru í formi bókaþjafa sem gefnar voru af félagasamtökum, danska sendiráðinu og Akurskóla. Nemendur voru kallaðir upp á svið einn í einu þar sem lesin voru hrósskjöl, þau fengu Akurskólatrefil og rós, og viðurkenningu þegar við átti. Að athöfninni lokinni voru gestum og starfsfólki boðið í kaffisamsæti á sal skólans sem nokkrir starfsmenn höfðu séð um að útbúa. Allir starfsmenn komu að frágangi gegn því að vinna af sér hluta af starfsdegi mánudaginn 12. júní, frágangi var lokið um kl. 16.</p>
Brúum bilið	Stjórnendur og aðrir sem koma að verkefninu	<p>Gott samstarf milli Akurskóla og leikskólanna Akurs og Holts. Nemendur hafa komið í heimsókn með reglulegu millibili. Þeir koma m.a. í íþróttir, nesti og frímínútur og stöðvavinnu.</p>
Lestrar-sprettur í	Kennarar	<p>Hver og einn nemandi fékk lestrarverkefni við hæfi. Niðurstöður lesfímiprófa voru notuð sem viðmið fyrir hvaða verkefni var lagt fyrir</p>

janúar fyrir yngsta- og miðstig		hvern nemanda. Notast var við efnið; Eitt skref í einu, Fimman og Æfingin skapar meistarann. Auk þess voru nokkrir bekkir sem bjuggu til sinn eigin lestrarsprett og söfnuðu lesnum mínútum hjá nemendum sínum.
Dagur íslenskrar tungu	Kennarar	Var haldin hátíðlegur á sal Akurskóla. Nemendur 1. og 2. bekkjar ásamt leikskólunum Akri og Holti hlustuðu á Áslaugu Jónsdóttur rithöfund. Einnig fluttu þau stutt atriði. 3. -6. bekkur voru með stutt atriði á sal. Nemendur í 7.-10. bekk fóru á sal þar sem spurningakeppni 10. bekkjar og kennara fór fram. Stóra upplestrarkeppnin var sett og færði 8. bekkur nemendum í 7. bekk ræðupúlt.
Lestrar-áskorun	Kennarar	Hófst í febrúar og höfðu nemendur tíma til lok maí að klára áskorunina. Nemendur fengu spjald með ýmsum lestraráskorunum sem þeir áttu að ljúka. Þegar spjaldið var fullt fengu nemendur blýant í verðlaun. Gekk vel og nemendur voru áhugasamir. Nemendur mega velja hvort þeir taki þátt í áskoruninni og eftir að tímabilinu lauk voru 31% nemenda á yngsta- og miðstigi búnir með áskorunina.

6. Mat á umbótaþáttum

Starfsmenn skólans hafa jafnt og þétt unnið eftir umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið. Fjórir þættir voru settir fram sem huga ætti sérstaklega að. Þessir fjórir þættir voru eftirfarandi; Leiðsagnarnám, Heilsueflandi grunnskóli, Forysta um nám og styðjandi menningu og Allir jafnir – Líðan barna af erlendum uppruna. Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverjum þætti fyrir sig en sumir tengjast þáttum sem áður hefur verið fjallað.

6.1. Leiðsagnarnám

Í lok skólaárs 2021-2022 var ákveðið að innleiða Leiðsagnarnám í Akurskóla. Sú vinna hófst haustið 2022 með fyrirlestri frá Nönnu K. Christiansen sem skrifaði bókina Leiðsagnarnám: Hvers vegna, hvernig, hvað? Innleiðingarteymið skipuðu fulltrúar kennara af öllum þremur stigum skólans, Dóra Björk Ólafsdóttir, Dóra Hanna Sigmarsdóttir og Ólöf Karla Þórisdóttir, um áramótin fór síðastnefnd úr teyminu og Rósa Íris Ólafsdóttir kom í hennar stað.

Verkefnið var keyrt af stað sem viðbrögð við niðurstöðum Skólapúlsins 2021-2022 þar sem nemendur upplifðu að þeir hefðu litla stjórn og sýndu takmarkaða ábyrgð á námi sínu. Markmiðið var því að gefa nemendum tæki og tól til að hafa betri stjórn á námi sínu og útskrifa þannig einstaklinga sem hafa trú á því að þeir ráði við áframhaldandi nám og þátttöku í samfélaginu.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að samvinnunám eins og leiðsagnarnámið byggir á getur leitt til eftirfarandi árangurs:

- Aukin þátttaka óvirkra nemenda
- Hlutfall munnlegs náms eykst sem dregur úr skriflegum verkefnum.
- Nemendur sem hafa lítil tækni á íslensku fá fleiri námstækifæri með því að hlusta.
- Málfar þroskast og orðaforði eykst.
- Dregur úr kynjamun í námsárangri.
- Dregur úr einelti og neikvæðum samskiptum.
- Félagslega einangraðir nemendur ná betri tengslum við hópinn.
- Kennarar eiga auðveldara með að greina hvar nemendur eru staddir í náminu.

Starf teymisins fólst í að kynna hugmyndafræði leiðsagnarnámsins fyrir starfsfólki skólans. Það var gert með fyrirlestur, lestri starfsmanna heima fyrir og viðræðum á ýmsum fundum. Þetta starf gekk vel og voru margir kennarar strax farnir að tileinka sér ýmis verkfæri leiðsagnarnáms. Hluti verkfæra sem voru farin að vera sýnileg voru námsfélagar, vaxandi hugarfar, engar hendur á loft og hæfniviðmið voru gerð sýnilegri fyrir nemendur svo þeir vissu hverju var stefnt að.

Áframhaldandi starf næsta skólaárs, 2023-2024, verður að útbúa verkefni og verkfæri fyrir starfsmenn skólans í tengslum við leiðsagnarnám í vinnuhópum sem skipt verður í eftir skólastigum. Efnið verður þá einnig kynnt fyrir nemendum og foreldrum/forráðamönnum.

6.2. Heilsueflandi grunnskóli

Leiðtogi innleiðingar Heilsueflandi grunnskóla er Jón Ásgeir Þorvaldsson. Hann fer fyrir teymi sem hefur fundað reglulega í vetur. Unnið var með gátlista starfsfólks og gerð aðgerðaráætlun til að vinna eftir á næsta skólaári. Lokið var við vinnu að klára að merkja við alla nýju gátlistanna sem komnir eru inn á innri vef heilsueflandi.is. Heilsueflandi teymisstjórar í Grunnskólum Reykjanesbæjar hittust í haust og fóru yfir hvernig gengur og hvar í verkefninu þeir eru staddir. Flest allir eru á svipuðum stað og markmiðið er að vinna þessa vinnu svipað og upplýsa hvort annað um stöðu mála. Teymisstjóri Akurskóla í verkefninu fór á TEAMS fundi reglulega yfir skólaárið með tengiliðum Embættis landlæknis.

6.3. Forysta um nám og styðjandi menningu

Allt stjórnunarteymið tók þátt í Menntafléttu menntamiðju HÍ – Forysta um nám og styðjandi menningu á skólaárinu. Við lærðum um og stofnuðum námssamfélag stjórnenda, lásum OECD skýrslur, lærðum um sjö þætti árangursríkrar samstarfsmenningar, kynntumst CR-líkaninu um styðjandi menningu auk þess sem við áttum góð samtöl og hugleiðingar bæði innan okkar hóps og sem og við aðra hópa. Námið fór vel af stað í haust en fjaraði út með vorinu. Við tókum með okkur mikilvægi þess að við gefum okkur tíma til þess að skoða ákveðna þætti skólustarfsins saman sem hópur auk mikilvægi þess að spegla sig við aðra.

6.4. Allir jafnir – Líðan barna af erlendum uppruna

Akurskóli hlaut styrk úr Próunarsjóði til þess að kanna líðan nemenda af erlendum uppruna við skólann og hvað má gera betur til að koma til móts við þennan nemendahóp. Starfsmenn sem héldu utan um verkefnið voru Anna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri íslensku sem annað mál, og Sigrún Helga Björgvinsdóttir, námsráðgjafi. Verkefnið fólk í sér viðtöl við nemendur af erlendum uppruna í Akurskóla þar sem þau voru spurð út í upplifun þeirra af sínu nærumhverfi. Nemendur sem tóku þátt í verkefninu eiga það sameiginlegt að; Vera nemendur í Akurskóla á mið- og unglíngastigi, eiga foreldra af erlendum uppruna og vera tvítyngd. Í Akurskóla eru 33 nemendur sem falla undir þessa skilgreiningu og 31 tóku þátt í verkefninu. Þeir þættir eru sem við skoðuðum voru líðan, nám, félagsleg tengsl, mismunur og viðhorf. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að nemendum af erlendum uppruna líður vel hjá okkur í Akurskóla. Flest upplifa að það sé komið til móts við þau námslega og félagslega. Þau upplifa ekki mismunur vegna uppruna frá kennurum og starfsfólki. Við teljum mikilvægt að staða þessa hóps nemenda sé metin reglulega. Þannig komum við best til móts við þau og getum brugðist við því sem þarf að gera betur.

7. Lokaorð

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Allir starfsmenn skólans koma að vinnu við matið á fundum dreift yfir allt skólaárið og á vordögum.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mat á þeim og viðmiðum þar sem það á við.

Vinna við matið á að nýtast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.

Á grundvelli þessarar skýrslu verður gerð umbótaáætlun haustið 2023 í samstarfi við alla hagsmunaaðila, starfsmenn skólans, foreldra og nemendur.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS